

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Viðskiptabréfareglur

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Viðskiptabréfareglur (60%)

ATH. Prófið er tvískipt: Viðskiptabréfareglur (60%)
Veðréttur og þinglýsingar (40%)

Prófdagur: 9. nóvember 2013 ☐

Kl.: 09:00 – 13:00

Úrlausnartími: 4 klst.

Prófblöð: 7 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir

Fylgiblöð: Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI
ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Viðskiptabréfareglur 60%

A. Rétt eða rangt (8%)

Eftirfarandi fullyrðingar eru annað hvort réttar eða rangar. Lesið eftirfarandi spurningar vandlega. Gefin eru 1 stig fyrir rétt svar. Dregið er frá 1 stig fyrir rangt svar. Ekkert er dregið frá fyrir spurningar sem sleppt er að svara. Aðeins einn möguleiki er réttur í hverri spurningu.

1. Peningaseðlar eru viðskiptabréf.

☐ Rétt

☐ Rangt

2. Víxill er ávallt gefinn út sem nafnbréf.

☐ Rétt

☐ Rangt

3. Skuldari heldur almennt mótbáru sem lýtur að samhliða greiðslu vaxta og afborgun af höfuðstól á gjalddaga gagnvart grandlausum framsalshafa, enda er um sterka mótbáru að ræða.

☐ Rétt

☐ Rangt

4. Engar mótbáru skuldara komast að gagnvart kröfuhafa ef skuldabréf er rafrænt skráð.

☐ Rétt

☐ Rangt

5. Þegar um viðskiptabréf er að ræða leiða sjónarmið um traustfang til þess að framsalshafi getur öðlast meiri rétt en framseljandi átti yfir viðskiptabréfi.

☐ Rétt

☐ Rangt

6. Skilríkisreglan felur í sér að þegar skuldari borgar allan höfuðstól skuldabréfs er það skylda þess, sem hefur bréfið í hendi með formlega löglegri heimild og skuldari má líta á sem kröfuhafa að skila skuldara aftur frumriti bréfsins með áritaðri kvittun.

☐ Rétt

☐ Rangt

7. Við framsal vixils glatar þriðji maður öll réttindi sem ekki eru skráð á vixilinn án tillits til þess hvort sterkar eða veikar mótbáru eigi við um tilurð framsalsgerningsins.

☐ Rétt

☐ Rangt

8. Skilyrði fyrir mótbárutapi skuldara telst uppfyllt þrátt fyrir að maður hafi öðlast rétt yfir viðskiptabréfi með hefð.

☐ Rétt

☐ Rangt

B. Krossaspurningar (16%)

Lesið eftirfarandi spurningar vandlega. Tvö stig eru gefin fyrir rétt svar. Tveir þriðju (0,67) af stigi er dregið frá fyrir rangt svar. Ekkert er dregið frá fyrir spurningar sem sleppt er að svara. Aðeins skal velja einn möguleika í hverri spurningu.

1. Hver eftirfarandi fullyrðinga um skuldabréf er röng:

a) ☐ Skuldabréf eru ávallt viðskiptabréf.

b) ☐ Skuldabréf felur ávallt í sér skuldbindingu um greiðslu peninga.

c) ☐ Skuldabréf er oft gagnkvæmur samningur á milli aðila.

d) ☐ Skuldabréf er ávallt yfirlýsing sem skjalfest er skriflega.

2. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt:

a) ☐ Mótbára skuldara um að stofnað hafi verið til kröfu samkvæmt viðskiptabréfi með svikum glatast við framsal til grandlauss framsalshafa.

b) ☐ Mótbára skuldara um að krafa samkvæmt viðskiptabréfi sé fyrnd glatast við framsal til grandlauss framsalshafa.

c) ☐ Mótbára skuldara um að krafa samkvæmt fölsuðu viðskiptabréfi sé gild glatast við framsal til grandlauss framsalshafa.

d) ☐ Mótbára skuldara um að krafa samkvæmt viðskiptabréfi sem hefur verið gefið út í umboðsleysi glatast við framsal til grandlauss framsalshafa.

3. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt:
- a) ☐ Þriðji maður sem eignast hefur réttindi yfir nafnbréfi án þess að þau hafi verið skráð á bréfið tapar rétti sínum þrátt fyrir að framsal til framsalshafa sé falsað.
 - b) ☐ Þriðji maður sem eignast hefur réttindi yfir rafbréfi án þess að þau hafi verið skráð í verðbréfamiðstöð tapar öllum mótbárum gagnvart framsali.
 - c) ☐ Þriðji maður sem eignast hefur réttindi yfir nafnbréfi án þess að þau hafi verið skráð á bréfið tapar rétti sínum þrátt fyrir að framsal til framsalshafa sé komin til fyrir meiri háttar nauðung.
 - d) ☐ Þriðji maður sem eignast hefur réttindi yfir víxli án þess að þau hafi verið skráð á víxlinn tapar rétti sínum þrátt fyrir að framsal til framsalshafa sé falsað.
4. Hver eftirfarandi fullyrðinga um huglæga afstöðu framsalshafa er rétt:
- a) ☐ Framsalshafi getur unnið betri rétt yfir viðskiptabréfi heldur en framseljandi átti án tillits til þess hvort hann hafi verið grandsamur um mótbáru skuldara eða réttindi þriðja manns.
 - b) ☐ Þegar um framsal hlutabréfi er að ræða nægir framsalshafa að kynna sér eingöngu hlutabréfið sjálf til að sinna rannsóknarskyldu sinni.
 - c) ☐ Framsalshafi þarf að gæta að því að því að framsalsröð á viðskiptabréfi sé óslitin.
 - d) ☐ Rannsóknarskylda framsalshafa er almennt minni þegar um er að ræða víxla og tékka en önnur viðskiptabréf.
5. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt: (réttasti möguleikinn skal valinn)
- a) ☐ Ef framsalshafi hefur fengið skuldabréf í skiptum fyrir lausafé þá tapar skuldari rétti til að bera fyrir sig veikar mótbáru sem hann hafði gagnvart fyrri eiganda skuldabréfsins án tillits til þess hvort framsalshafi er grandsamur eða grandlaus um mótbáruna.
 - b) ☐ Ef framsalshafi hefur fengið skuldabréf í skiptum fyrir lausafé þá tapar skuldari rétti til að bera fyrir sig veikar mótbáru sem hann hafði gagnvart fyrri eiganda skuldabréfsins ef framsalshafi er grandsamur um mótbáruna.
 - c) ☐ Ef framsalshafi hefur fengið skuldabréf í skiptum fyrir lausafé þá tapar skuldari rétti til að bera fyrir sig veikar mótbáru sem hann hafði gagnvart fyrri eiganda skuldabréfsins ef framsalshafi er grandlaus um mótbáruna.
 - d) ☐ Ef framsalshafi hefur fengið skuldabréf í skiptum fyrir lausafé þá tapar skuldari rétti til að bera fyrir sig sterkar mótbáru sem hann hafði gagnvart fyrri eiganda skuldabréfsins ef framsalshafi er grandlaus um mótbáruna.

6. Eitt eftirfarandi atriða er ekki skilyrði þess að skuldari losni undan skuldbindingu sinni samkvæmt skilríkisreglunni
- a) ☐ Að viðtakandi greiðslu hafi formlega löglega heimild til viðskiptabréfsins.
 - b) ☐ Að framsal viðskiptabréfsins hafi verið gert í með samningi í lifanda lífi.
 - c) ☐ Að viðtakandi hafi frumrit viðskiptabréfsins í hendi.
 - d) ☐ Að skuldari hvorki viti né megi vita að þriðji maður eigi betri rétt til bréfsins.
7. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt varðandi rafræna eignaskráningu verðbréfa:
- a) ☐ Reikningsstofnunum er heimilt að gefa út rafbréf.
 - b) ☐ Réttaráhrif eignarskráningarinnar teljast vera frá þeirri stundu sem lokafærsla hefur átt sér stað hjá fjármálafyrirtæki.
 - c) ☐ Réttaráhrif eignarskráningarinnar teljast vera frá þeirri stundu sem lokafærsla hefur átt sér stað hjá reikningsstofnun.
 - d) ☐ Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst verðbréfamiðstöð.
8. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt varðandi ógildingarmál samkvæmt XVIII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála:
- a) ☐ Ógilding skuldabréfs er úrræði skuldara til að fella niður skuldbindingu sína samkvæmt bréfinu.
 - b) ☐ Ógilding skuldabréfs er úrræði eiganda glataðs skuldabréfs til að fá þau réttindi sem hann á samkvæmt bréfinu.
 - c) ☐ Ógilding er úrræði til að ná til baka stolnu skuldabréfi frá þeim sem hefur bréfið undir höndum.
 - d) ☐ Ekkert af ofangreindu er rétt.

C. Ritgerðarspurningar (18%).

Svarið **tveimur** af eftirfarandi spurningum.

- 1. Gerið grein fyrir reglunni um innlausnarrétt skuldara.
- 2. Fjallið um regluna um réttindamissi þriðja manns.
- 3. Fjallið um skilyrði mótbárutaps og réttindamissis.

D. Raunhæft verkefni (18%)

Viddi og Bósi áttu fyrir stuttu allt hlutafé í nýsköpunarfyrirtækinu Geimferðir hf. Fyrr á árinu kom upp ágreiningur um framtíðaráform félagsins á milli Vidda og Bósa og ákvað Bósi því að selja sinn hlut í félaginu. Samkvæmt samþykktum félagsins eiga hluthafar forkauprétt að hlutafé ákveði einhver hluthafi að selja sinn hlut.

Þann 19. ágúst sl. seldi Bósi hlut sinn í félaginu til fjárfestingarsjóðsins ZURG Investment. Bósi upplýsti Vidda um þessa sölu en Viddi ákvað að nýta ekki forkaupsrétt sinn. Kaupin fóru fram fyrir milligöngu lögmannsins Sigurðar Sigurðssonar og var kaupverðið greitt með skuldabréfi á hendur Dótabúð Alla ehf. að höfuðstólsfjárhæð 30.000.000 kr. Skuldabréfið var útgefið 20. janúar sl. til ZURG Investment og samkvæmt bréfinu skyldi greiða höfuðstólsfjárhæðina 1. nóvember 2013 ásamt vöxtum sem skyldu vera 7,25% á ársgrundvelli.

Bósi framseldi hlutabréfin í Geimferðum hf. til ZURG Investment með áritun á bréfin og afhenti bréfin til lögmannsins Sigurðar sem tók við þeim fyrir hönd ZURG Investment. Lögmaðurinn framseldi Bósa skuldabréfin fyrir hönd ZURG Investment en í framsalinu kom fram að skuldabréfin væru framseld samkvæmt varðveittu umboði og tók Bósi við vörslum bréfanna. Ekkert hafði verið áritað á skuldabréfin um greiðslur við framsalið.

Þann 2. nóvember sl. hafði Bósi samband við Alla sem er framkvæmdastjóri Dótabúðar Alla ehf. og krafðist greiðslu samkvæmt skuldabréfinu. Alli framvísaði þá lausri kvittun útgefinni af fyrirsvarsmanni ZURG Investment þess efnis að skuldin hefði verið að fullu greidd þann 17. júní sl. Alli upplýsti Bósa ennfremur um að skuldabréfið hefði verið gefið út fyrir milligöngu lögmannsins Sigurðar samhliða því að Dótabúð Alla ehf. hefði keypt fasteign af Zurg Investment. Hann sagði ennfremur að lögmaðurinn hefði sikið sig í viðskiptunum og nú hefði komið hefði í ljós að fasteignin væri stórlega gölluð. Því hefði hann aldrei átt að greiða af skuldabréfinu og hann hygðist höfða mál á hendur sjóðnum vegna galla á fasteigninni.

Lögmaðurinn Sigurður hafði ekki fengið nein fyrirmæli frá ZURG Investment til að kaupa hlutabréfin í Geimferðum hf. Hann vissi þó að hlutabréfin væru mun meira virði en kaupverðið sagði til um og taldi sig því vera að vinna að hagsmunum sjóðsins. Viku eftir að hann keypti bréfin af Bósa seldi hann þau fyrir hönd ZURG Investment til fjárfestingarbankans Orion hf. fyrir þriðjungi hærri fjárhæð en hann hafði keypt þau fyrir af Bósa. Viddi var ekki upplýstur um þessa sölu.

Komið hefur í ljós að Sigurður fór langt út fyrir heimildir sínar þegar hann átti ofangreind viðskipti fyrir hönd ZURG Investment og afhenti Bósa skuldabréfið. Honum var ekki kunnugt um að búið væri að greiða það upp en hafði haft það í vörslum sínum vegna aðkomu sinnar að viðskiptum við Dótabúð Alla ehf. Sigurður hafði þó fengið útgefið víðtækt umboð ráðstafana fyrir sjóðinn en það fól í sér að annast kaup og sölu á eignum fyrir hans hönd.

1. Fjallið um hvort Dótabúð Alla ehf. sé skylt að greiða af skuldabréfinu til Bósa með hliðsjón af viðskiptabréfareglum sem koma til skoðunar. Fjallið sérstaklega um það hvort máli skiptir hvort skuldabréfið hafi verið handhafabréf eða nafnbref þegar það var framselt til Bósa.(12%)
2. Fjallið um þær viðskiptabréfareglur sem koma til skoðunar varðandi möguleika Vidda til að nýta forkaupsrétt að bréfunum vegna sölunnar til Orion hf. (6%)

Öll svör skulu vera ítarleg og vel rökstudd. Útskýra skal þær reglur um viðskiptabréf sem til álita koma í hverri spurningu og hvernig þeim skuli beitt í hverju einstöku tilfelli.